

Fimmtudaginn 12. desember 1974.

Nr. 128/1973: **Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**

(Þorsteinn Geirsson hrl.)

gegn

Sigurði Kristmundssyni

og gagnsök

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaráttardómararnir **Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Ríkisstarfsmenn. Ráðningarsamningur. Uppsagnarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. ágúst 1973, áfrýjað máli þessu með stefnu, útgefinni 4. september 1973, en birtri stefnda 1. október s. á. Krefst hann aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda. Hann hefur eigi uppi kröfu um málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. október 1973. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér kr. 600.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var gagnáfrýjandi ráðinn bryti að Vinnuhælinu að Litla-Hrauni hinn 24. október 1966 með samningi, dagsettum sama dag. Er samningurinn undirritaður af gagnáfrýjanda og Markúsi Einarssyni, forstöðumanni vinnuhælisins, fyrir hönd þess. Segir þar, að gagnáfrýjandi sé ráðinn fyrst um sinn til 31. desember 1966 með þeim skilmálum, sem í samningnum greinir, en sé ráðningu þá ekki lokið, framlengist samningurinn sjálfkrafa og verður þá uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Hinn 27. september 1968 sagði nefndur forstöðumaður vinnuhælisins gagnáfrýjanda upp starfi hans

með þriggja mánaða fyrirvara frá 30. september 1968 að telja. Lét hann af störfum 31. desember s. á. og fékk greidd laun til þess tíma.

Ekki eru bornar brigður á, að forstöðumaður vinnuhælisins hafi verið bær um að taka ákvarðanir þessar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 38/1954 taka þau lög til hvers þess manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, á meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf.

Ekki er ágreiningur um það, að lög nr. 38/1954 taki til gagnáfrýjanda sem ráðins starfsmanns.

Á þeim tíma, sem gagnáfrýjandi var starfsmaður á vinnuhælinu, voru í gildi lög nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 1. gr. þeirra laga segir, að lögin taki til starfsmanna, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónusturíkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum og minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda verði starf þeirra talið aðalstarf. Í a lið 3. gr. laga nr. 29/1963 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins segir, að sjóðfélagar séu þeir, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf.

Í hæstaréttardómi 21. nóvember 1972 er dæmt um bótarétt ríkisstarfsmanns, sem sagt var upp starfi, en hann var ráðinn með ráðningarsamningi, sem eigi geymdi uppsagnarákvæði. Sakarefni það, sem hér er til úrlausnar, vikur hins vegar að ríkisstarfsmanni, sem sagt var upp starfi og ráðinn hafði verið með samningi, sem heimilaði uppsögn.

Svo sem rakið er hér að framan, gera 1. gr. laga nr. 55/1962 og a liður 3. gr. laga nr. 29/1963 ráð fyrir því, að menn, sem þau lög taka til, geti verið ráðnir með uppsagnarfresti. Samkvæmt greindum lagaákvæðum var heimilt að setja uppsagnarfrest í ráðningarsamning gagnáfrýjanda, og er eigi sýnt fram á, að hann hafi átt tilkall til lengri uppsagnarfrests en þess, sem mæltur er í samningnum. Með því að gagnáfrýj-

andi naut sammingsbundins uppsagnarfrests, ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sigurðar Kristmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. desember 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. þ. m., hefur Sigurður Kristmundsson, Víðimel 31, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. maí 1971, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 600.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi lækkunar umkrafinna skaðabóta. Hver sem efnisniðurstaða dóms þessa kynni að verða, krefst stefndi þess, að málskostnaður verði niður felldur.

Leitast hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Aðiljar eru sammála um að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi var ráðinn að Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, Árnes-sýslu, sem bryti samkvæmt ráðningarsamningi, dags. 24. október 1966, en aðiljar ráðningarsammings þessa voru stefnandi og forstöðumaðurinn á Litla-Hrauni, Markús Einarsson. Stefnandi var ráðinn frá 24. október 1966, og var hann í fyrstu ráðinn til 31. desember 1966. Var svo gert ráð fyrir í ráðningarsamningi, að væri ráðningu ekki lokið 31. desember 1966, skyldi samningurinn framlengjast sjálfkrafa og vera þá uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Stefnandi skyldi fá laun samkvæmt 13. launaflokki Kjaradóms. Voru það hámarks-laun samkvæmt þeim launaflokki. Þá var honum tryggð eftirvinna tvo tíma og næturvinna einn tíma alla daga mánaðarins

nema fjóra. Í ráðningarsamningnum er tekið fram, að ákvæði Kjaradóms skyldu gilda að öðru leyti. Stefnandi fékk afnot af húsinu Hvoli á Eyrarbakka gegn leigugreiðslu samkvæmt leigumati, ókeypiss hita og rafmagn og máltíðir á vinnustað. Stefnandi var í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og naut allra þeirra réttinda, sem dómur Kjaradóms og lög og reglur varðandi réttindi ríkisstarfsmanna veita.

Með bréfi, dags. 27. september 1968, segir forstöðumaður Vinnuhælisins á Litla-Hrauni, fyrrnefndur Markús Einarsson, stefnanda upp starfi með þriggja mánaða fyrirvara frá og með 30. september 1968 að telja og vísaði til fyrrnefnds ráðningarsamnings svo og heimildar dómsmálaráðuneytisins. Stefnandi segist aldrei hafa fengið kvörtun eða aðfinnslu vegna starfs síns.

Með bréfi, dags. 4. október 1968, til forstjórans á Litla-Hrauni, Markúsar Einarssonar, óskar stefnandi eftir því, að sér verði skýrt frá ástæðum til uppsagnarinnar og sér gefinn kostur á að tala máli sínu. Afrit af bréfi þessu var sent dómsmálaráðuneytinu.

Hinn 2. desember 1968 svarar dómsmálaráðuneytið þessu bréfi, á eftir segir m. a. svo:

„ . . . Var hann ráðinn samkvæmt þeim sérstöku kjörum, sem greinir í áðurnefndum ráðningarsamningi, m. a. öðrum vinnutíma en gengur og gerist, hærra kaupi svo og með vissum hlunnindum, sbr. 4. gr. samningsins. Í 1. gr. samnings þessa segir, að hann sé uppsegjanlegur með 3ja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Með vísun til þessa ákvæðis samningsins var Sigurði sagt upp. Honum er því ekki vikið úr stöðu sinni eða veitt lausn samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, heldur fer um ráðningarslit, eins og um önnur kjör Sigurðar, samkvæmt þessum samningi.

Af þessu leiðir, að ráðuneytinu þykir ekki ástæða til að greina tilteknar ástæður fyrir uppsögninni.“

Stefnandi rökstyður mál sitt með því, að þrátt fyrir ákvæði ráðningarsamnings komi hann um réttarstöðu sína alla undir lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt heldur hann því fram, að lögin, a. m. k. sá hluti þeirra, er lýtur að ráðningu ríkisstarfsmanna, séu ófrávíkjanleg. Til rökstuðnings þeirri skoðun bendir hann á tvö atriði, þ. e. tilgang lagaákvæðisins og hvaða hagsmuni lagaákvæðinu sé ætlað að vernda. Í greinargerð, sem fylgt hafi frumvarpi til laga nr. 38/1954, segi svo um tilgang frumvarpsins: „Tilgangur þessa frumvarps er að lögfesta reglur um ýmis þau atriði, sem nú eru ólögsmælt, varð-

andi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hafa þau megin sjónarmið ríkt við samning frumvarpsins að tryggja annars vegar réttindi hinna opinberu starfsmanna og ganga til móts við sanngjarnar óskir þeirra og gera hins vegar þær kröfur til starfs þeirra, sem þarfir ríkisins og fjárhagur útheimta.“ Tilgangurinn með setningu þessara laga hafi því m. a. verið að vernda hagsmunum ríkisstarfsmanna. Það gefi því vísbendingu um, að lögin séu ófrávíkjanleg hliðstætt því, sem er um mörg önnur lög, er miði að því að vernda þann aðiljann, sem lakari aðstöðu hafi í ýmsum samningsskiptum. Til frekari áréttingar bendir stefnandi á 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, er beinlínis taki fram, að samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur séu ógildir að svo miklu leyti sem þeir fari í bág við samninga stéttarfélags við atvinnurekandann, enda hafi félagið ekki samþykkt þá. Í Danmörku sé því haldið fram, að svokölluð Funktionærlov séu í aðalatriðum ófrávíkjanleg. Þar sem telja verði samkvæmt því, sem hér hafi verið sagt, að lög nr. 38/1954 séu ófrávíkjanleg, þá þýði það, að uppsagnarákvæðið í samningi stefnanda frá 24. október 1966 sé ógilt. Réttarstaða stefnanda, að því leyti sem tekur til uppsagnar, hafi því verið nákvæmlega sú sama og annarra ríkisstarfsmanna og honum verði ekki vikið úr starfi bótalaust án saka. Ákvæði 11. gr. laga nr. 38/1954 eigi því við í þessu mál. Að endingu árétta stefnandi kröfur sínar með því að benda á, að samkvæmt 1. gr. laga nr. 38/1954 sé einungis heimilt að semja um uppsagnarfrest í ráðningarsamningi við ríkisstarfsmann, sé um forstjóra atvinnufyrirtækis að ræða.

Stefnandi miðar bótakröfu sína við 2ja ára laun, en mánaðarlaun hans voru í desember 1968 kr. 14.436.00. Auk þess hafði stefnandi fasta yfirvinnu, 52 eftirvinnutíma og 26 næturvinnutíma hvern mánuð. Samkvæmt þessu hafi laun stefnanda í desember 1968 átt að vera sem hér segir:

- | | |
|---|---------------|
| 1. Föst laun | kr. 14.436.00 |
| 2. 52 eftirvinnutímar á kr. 130.54 pr. tíma | — 6.788.08 |
| 3. 26 næturvinnutímar á kr. 163.33 pr. tíma | — 4.246.58 |

Samtals kr. 25.470.66

Þessa fjárhæð margfaldar stefnandi með 24 (þ. e. 2ja ára laun). Það gerir samtals kr. 611.295.84. Stefnandi sléttar þá tölu af með kr. 600.000.00. Við ákvörðun þessarar bótakröfu hefur stefnandi m. a. hliðsjón af dómaiðkunn Hæstaréttar í svipuðum málum, og enn fremur er tekið tillit til aðstöðu stefnanda við brottrekstur. Hann

hafði samkvæmt ráðningarsamningi haft afnot húsnæðis ásamt ókeypis hita og rafmagni og máltíð á vinnustað. Eftir uppsögnina hafi stefnandi verið atvinnulaus að mestu til desember 1969, er hann hafi fengið vinnu á dýpkunarskipinu Gretti. Hafi hann verið á skipinu til ágústloka 1970. Þá hafi hann komist að hjá H/f Eimskipafélagi Íslands sem afleysingamaður. Stefnandi hafi orðið ekkjumaður í júní 1969. Hann hafi þrjú börn á sínu framfæri, sem öll dveljist með honum, 12, 15 og 19 ára. Hafi uppsögnin valdið stefnanda mikilli röskun og tilfinnanlegu tjóni.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að gerður hafi verið sérstakur ráðningarsamningur við stefnanda með 3ja mánaða uppsagnarfresti. Stefnanda hafi verið sagt upp starfi samkvæmt þeim ráðningarsamningi án saka. Lög nr. 38/1954 banni ekki slíka samningsgerð. Ráðning með gagnkvæmum uppsagnarfresti sé hin almennt ríkjandi regla. Ákvæði 4. gr. laga nr. 38/1954 sé sérstök undantekningarregla frá þessari meginreglu og því beri að skýra ákvæði 4. gr. laganna þröngt, þannig að þau taki samkvæmt orðanna hljóðan einungis til skipaðra starfsmanna og gagnálykta beri frá ákvæði greinarinnar, að því er varðar ráðna starfsmenn.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að bótaskylda, þótt dæmd yrði, hljóti að takmarkast af raunverulegu fjártjóni stefnanda vegna uppsagnarinnar og sönnunarbyrði um það tjón hljóti að hvíla á stefnanda.

Samkvæmt dómvenju er það gildandi réttur á landi hér, að ráðnum ríkisstarfsmönnum, þeim er lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins taka til, verður eigi sagt upp störfum án saka bótalaust, nema einhver atvik 4. gr. laganna eigi við. Hins vegar segja lögin ekkert til um það, hvort heimilt sé að ráða menn í þjónustu ríkisins með gagnkvæmum uppsagnarfresti nema varðandi ráðningu forstjóra atvinnufyrirtækja, sem ríkið rekur, sbr. 1. gr. laganna, 3. mgr. Það ákvæði á ekki við um stefnanda. Því er spurningin í þessu máli sú, hvort nefnd ráðningarheimild gildi einnig um aðra ríkisstarfsmenn. Um það veita lögin enga vitneskju, og greinargerð með þeim gefur heldur eigi örugga vísbendingu í þessu efni. Hér er því um mikið vafamál að ræða, en úr því að lögin tala aðeins um það, að ráða megi forstjóra með uppsagnarfresti, þá lítur rétturinn svo á, að skýra beri þetta e contrario á þann veg, að óheimilt sé að ráða aðra starfsmenn ríkisins með þessum hætti. Því hafi uppsagnarákvæðið í ráðningarsamningi stefnanda verið ógilt og eigi hann því bótarétt vegna ólögmetrar uppsagnar, enda hafi engar sakir verið á hann born-

ar. Þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 330.000.00. Er stefndi dæmdur til að gjalda stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, svo sem krafist er.

Með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sigurði Kristmundssyni, kr. 330.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. desember 1974.

Nr. 118/1973: **Regio h/f**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðm. V. Jósefsson hrl.)

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f

(Benedikt Blöndal hrl.)

Unnsteini Beck skiptaráðanda og

Snjólaugu Ólafsdóttur,

fulltrúa yfirborgarfógeta.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Legi Einarsson.

Úrskurður um gjaldþrotaskipti staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Snjólaug Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.